



Nefndarsvið Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd

Austurstræti 8-10

Reykjavík, 5. desember 2023

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir (úrbætur í brunavörnum). Mál nr. 542.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til frumvarps til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir. Um leið og SFF fagna frumvarpinu og þeim mikilvægu breytingum sem gera þarf til að bæta öryggi fólks með bættum brunavörnum vilja samtökin koma eftirfarandi á framfæri.

Lög um brunatryggingar er löggjöf sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra sem verður 30 ára á næsta ári en hún hefur lítið sem ekkert verið endurskoðuð síðan. Hún er afar rýr og inniheldur verklag um váttryggingaskyldu og ákvæði um brunabótamat sem fer fram hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Að mati SFF er þörf á endurskoðun þessarar löggjafar samhliða annarri löggjöf þegar breytingarnar snúast um að auka brunavarnir. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gaf árið 2021 út skýrslu með úrbótatillögum á löggjöf eftir brunann á Bræðraborgarstíg í Reykjavík sem laut fyrst og fremst að brunavörnum í íbúðum. **SFF fengu að koma að þeirri skýrslugerð og lögðu fram tillögu um endurskoðun á lögum um brunatryggingar. Skýrslan inniheldur margar góðar úrbótatillögur sem snúa að „kerfinu“ utan um mannvirki sem búið er í hér á landi og þá sérstaklega brunavörnum.**¹ Tillaga SFF er svohljóðandi:

13.	Hvatar til brunavarna í gegnum brunatryggingar	FJR	FJR
	Lagt er til að lög um brunatryggingar verði tekin til heildstæðrar endurskoðunar. Endurskoða þarf forsendur brunabótamats og lög um brunatryggingar með það í huga að tengja þær við brunavarnir, veita váttryggingafélögum sem bestar upplýsingar um notkun húsnæðis og brunavarnir allan líftíma þess og auka heimildir váttryggingafélaga til að skerða bætur ef brunavörnum er ekki sinnt.		

Í frumvarpi þessu er vísað til umsagna SFF um áformin og drögin að frumvarpinu í samráðsgátt sem er vel.

¹ <https://sff.is/skyrsla-um-urbaetur-a-brunavornum-i-husnaedi-thar-sem-folk-hefur-busetu/>

Í samráðskafla frumvarpsins segir að fjármála- og efnahagsráðuneytið sé með málið til skoðunar en eðli málsins samkvæmt er það von SFF að endurskoðun laga um brunatryggingar verði sett á dagskrá hjá fjármála- og efnahagsráðherra sem allra fyrst. Samtök fjármálafyrirtækja hafa kallað eftir endurskoðun laganna frá árinu 2021.

Af framangreindu sést að SFF hafa ekki athugasemdir við drögin að frumvarpinu en vona að góðar og þarfar breytingar komi í kjölfarið á hinn ýmsu löggjöf sem snýr að húsnæði m.a. lögum um brunatryggingar.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,



Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur